

Mánudaginn 10. apríl 1916.

Nr. 9/1916.

Réttvísín

gegn

Karl Alfred Petterson og
Katrínu Kjartansdóttur.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 31. desbr. f. á., voru hin ákærðu, Karl Alfred Petterson og Katrín Kjartansdóttir dæmd fyrir brot gegn 250. gr. sbr. 48. gr. 1. málsg. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 hvort um sig til að sæta 5 daga fangelsishegningu við vatn og brauð, en með því skilorði að því er Katrínu snertir, að fullnustu refsingar hennar skuli frestað og skuli refsingin falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef skilyrðum laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 verði fullnægt. Svo voru þau og dæmd til in solidum að greiða allan sakarkostnað í héraði.

Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu réttvísinnar.

Um afbrot hinna ákærðu er það sannað í málinu með eigin játningu þeirra og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, að þau hafi 8. desbr. f. á. síðdegis lagt launung á og kastað eign sinni á peningabuddu með 30 kr. og 15 aurum og einum erl. smápeningi í, er gestkomandi stúlka hafði þá um daginn af vangá skilið eftir hjá þeim. Ákærða, Katrín, tók fyrst eftir peningabuddunni, en hún lá á rúmi þeirri, þar sem stúlkan hafði skilið hana eftir,

og hafði þá orð á því, að þau skyldu skila eigend-
 anum henni, en ákærði, Petterson, gerði sig þá byrst-
 an við Katrínu, sagði að hún skyldi ekki gera það,
 og að stúlkan, sem budduna átti, mundi eigi muna
 hvar hún hefði gleymt henni. Urðu þau þá sam-
 mála um að kasta eign sinni á budduna, földu pen-
 ingana og voru bæði í því verki. Þegar eigand-
 inn og síðar annar maður fyrir hennar hönd, spurðu
 þau ákærðu um, hvort þau hefðu orðið buddunnar
 vör, svöruðu þau því bæði með afdráttarlausri
 neitun, og sömu neitun héldu þau fyrst fram við
 lögreglustjóra, uns Katrín, eftir að árangurslaus hús-
 rannsókn hafði fram farið hjá þeim, játaði verknað-
 inn fyrir lögreglustjóra. Var Petterson þá fangels-
 aður, og kannaðist hann þá einnig við afbrotið. —
 Peningabuddan og peningarnir hafa verið afhentir
 eigandanum.

Hin ákærðu hafa búið saman og kallast vera
 trúlofuð, en eru eigi gift. Ákærði Petterson er út-
 lendingur, kom hingað til lands fyrir 5 árum, og
 hefir dvalið hér síðan. Hann er kominn yfir lögaldur
 sakamanna, eftir eigin sögn 27 ára að aldri, og hefir
 eigi áður sætt refsingu hér á landi. Ákærða Katrín
 er einnig komin yfir lögaldur sakamanna, fædd 8.
 ágúst 1893, og hefir eigi áður sætt ákæru né refs-
 ingu fyrir neinn glæp. Afbrot hinna ákærðu
 heyrir undir 250. gr. sbr. 48. gr. almennra hegningar-
 laga, og þykir refsingin fyrir ákærða Petterson hæfilega á-
 kveðin af héraðsdómaranum 5 daga fangelsi við vatn
 og brauð. En er ákveða skal refsinguna fyrir á-
 kærðu Katrínu, þykir verða að taka tillit til 57. gr.

2. málsgreinar hegningarlaganna, og virðist þá refsingin fyrir hana hæfilega ákveðin 4 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnægingu dómsins að því er þessa refsingu snertir, skal fresta samkv. lögum nr. 39, 16. nóvbr. 1907, eins og segir í aukaréttardóminum. Ákvæði aukaréttardómsins um málskostnað samþykkjast, og verður samkvæmt þessu að staðfesta nefndan dóm með áminstri breytingu á refsingu Katrínar. Hin ákærðu verða in solidum að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 15 kr. fyrir hvorn þeirra. — Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málfærslan við yfirdóminn lögmaet.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að refsing ákærðu, Katrínar Kjartansdóttur, sé 4 — fjöggra — daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en fullnustu þessarar refsingar skal frestað eins og segir í dómnum, og telst frestunin frá uppsögn þessa landsyfirréttdóms. Hin ákærðu greiði og in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málaflutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna E. Claessens og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.